

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B31-34

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 31-34

Nr. 167-194

2003

Efnisyfirlit B 31-34 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
167	7. mars	Auglýsing um bann við innflutningi frá Hollandi vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu	509
168	7. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003	510
169	11. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík	511
170	12. mars	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	512
171	12. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2002/2003	513
172	28. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2003	513
173	12. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit	514
174	28. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald á Hellu árið 2003	514
175	7. mars	Reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu	515-524
176	21. feb.	Reglur um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands	525-527
177	4. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg	528
178	4. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Örnólfsdal, Borgarbyggð	529
179	5. mars	Reglugerð um dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins	529-530
180	10. mars	Reglur um breytingu á reglum nr. 388/2002 um bindiskyldu	531
181	7. mars	Auglýsing um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múla-sýslu	531-533
182	7. mars	Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss	534-535
183	4. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi	535-536
184	6. mars	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurkaupstaðar, nr. 867/1999	536-537
185	7. mars	Gjaldskrá fyrir Hitaveitu Drangsness	537-538
186	3. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks	539
187	3. mars	Auglýsing um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	539
188	4. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Svarfhóls (Asparskógur) í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi	540
189	3. mars	Reglur um breytingu á reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa, nr. 553/1975, með síðari breytingum	540-541
190	3. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, með síðari breytingum	541-542
191	7. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands, nr. 252/2002	543

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 2003

7. mars 2003

509

Nr. 167

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Hollandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Influensa í Hollandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 10. apríl 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.**

1. gr.

Í stað: „715.000“ í 2. mgr. 2. gr., sbr. reglugerð nr. 133, 26. febrúar 2003 komi: 765.000.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. mars 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 2003

11. mars 2003

511

Nr. 169

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Skuggahverfi, Eimskipafélagsreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skuggahverfi, Eimskipafélagsreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. mars 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2003

Nr. 170

512

12. mars 2003

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.181.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. febrúar 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.181.0 sem afmarkast af Skólavörðustíg, Týsgötu, Spítalastíg og Óðinsgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Teigagerðisreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. janúar 2003, deiliskipulag fyrir Teigagerðisreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. febrúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.0 sem afmarkast af Laugavegi, Bankastræti, Ingólfsstræti, Hverfisgötu og Traðarkotssundi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grófin.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grófina sem afmarkast af Tryggvagötu, Naustunum, Hafnarstræti, Vesturgötu og Grófinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. mars 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2002/2003.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 550“ komi: Arnarfjörður 650.

Í stað: „Þ.a. Öxarfjörður 100“ komi: Öxarfjörður 0.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. mars 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

28. febrúar 2003

Nr. 172

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárþingi ytra, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2003, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. einn poka á viku	9.065
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.533
c) Sumarhús	3.022
d) Fyrirtæki m.v. eitt pokagildi á viku (margf. í gámum)	9.065
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	33.922

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 3. febrúar 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarvarnir, gildir fyrir árið 2003 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 19. febrúar 2003.

Hellu, 28. febrúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag frí-stundabyggðar í landi Signýjarstaða. Deiliskipulagið var auglýst og samþykkt árið 1998.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglu-gerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar, 12. mars 2003.

Linda Björk Pálsdóttir, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2003 vera kr. 8.355. Gjaldþagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 23. janúar 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2003 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 19. febrúar 2003.

Hellu, 28. febrúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

I. KAFLI

Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla, orðskýringar o.fl.

1. gr.

Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla o.fl.

Sauðfjárframleiðendur sem uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eiga rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði á árunum 2004-2007. Álagsgreiðslur skulu greiddar af uppkaupaálagi, sbr. 4. mgr. 38. gr. og af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Gæðakerfið nær til eftirtalinnna þátta: landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Gæðakerfið byggist á að skjalfesta framleiðsluáðferðir og framleiðsluáðstæður.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur yfirumsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en er heimilt að leita aðstoðar hjá öðrum aðilum varðandi tiltekna þætti gæðastýringarinnar.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Auðnir*, eru ógrónar eða mjög lítið grónar landgerðir (2-20% þekja háplantna) sem mótast af mörgum ferlum jarðvegsrofs; t.d. urðir, melar, sandar, sendnir melar, hraun, sendin hraun, áreyrar o.fl.
2. *Álagsgreiðsla*, er tiltekin fjárhæð sem greiðist á gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.
3. *Ástand beitilands*, er eiginleikar og samsetning gróðurs og jarðvegs í vistkerfi viðkomandi landsvæðis, í samanburði við það sem telja má edlilegt miðað við náttúrulegar áðstæður og hóflega landnýtingu að mati Landgræðslu ríkisins.
4. *Beitargnótt*, er lítið eða mjög hóflegt beitarálag miðað við flatarmál og framleiðni gróðurs.
5. *Beitarærgildi*, er hér vetrarfóðruð kind.
6. *Búffjareftirlitsmaður*, er starfsmaður sveitarfélags sem hefur eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit á láglandi.
7. *Einstaklingsmerking*, er merking á hverri kind með númeri en jafnframt skal vera unnt að rekja merkinguna til bú.
8. *Framleiðandi*, er hér hver sá, sem á eigin vegum framleiðir sauðfjárafurðir, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

9. *Framleiðslueining*, er bú með öllu því landi sem nýtt er til beitar og getur verið fleiri en ein jörð.
10. *Gróðureinkunn*, er einkunn sem gefur til kynna ástand gróðurs.
11. *Gróðurflokkur*, er gróðursamfélag sem hefur sérstaka eiginleika með tilliti til gróðursamsetningar og beitar.
12. *Heimaland*, er eignarland, þar sem hlutaðeigandi framleiðandi, eigandi eða ábúandi fer einn með nýtingarrétt.
13. *Jarðvegsrof*, er losun og flutningur jarðvegsefna eða yfirborðsefna sem hamlar eða getur hamlað vexti gróðurs eða getur komið í veg fyrir að gróður nemi land í yfirborði jarðvegs.
14. *Landbótaáætlun*, er áætlun sem felur í sér hvaða aðgerðir verði ráðist í til að uppfylla skilyrði beitarnýtingar.
15. *Sjálfbær landnýting*, miðar við að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins.
16. *Stýriþættir*, eru þættir sem gefa viðbótarupplýsingar um land og nýtingu þess og geta haft áhrif á niðurstöðu vottunar, svo sem vísitategundir beitarplantna, landgerð, hæð yfir sjávarmáli, halli lands, önnur landnýting o.fl.
17. *Upprekstrarheimaland*, er eignarland einnar eða fleiri jarða sem beitt eru sameiginlega.
18. *Úthagi*, er óræktað beitiland, heimalönd og afréttir.
19. *Vísitategundir*, eru plöntutategundir sem finnast í beitilandi og gefa til kynna þróun gróðurfars.

II. KAFLI

Umsóknir o.fl.

3. gr.

Umsóknir um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Framleiðandi sem óskar eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skal senda skriflega umsókn til búnaðarsambands á því svæði þar sem framleiðsla fer fram á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknum skal skila eigi síðar en 30. júní ef framleiðandi óskar eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár. Ef umsókn er vegna endurnýjaðrar þátttöku, sbr. 20. gr. er umsóknarfrestur til 15. desember.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

- a) Nafn, kennitala og lögheimili framleiðanda.
- b) Jörð eða jarðir sem framleiðandi nýttjar.
- c) Beitiland viðkomandi framleiðanda sem hann hefur til afnota, þar með talið heimaland, upprekstrarheimaland og afréttur. Tilgreina skal eins og kostur er þær jarðir sem eiga land innan upprekstrarheimalands. Gera skal grein fyrir friðuðu landi í úthaga, svo sem skógræktargirðingum.
- d) Fjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár, hrossa, nautgripa og geitfjár, sem framleiðandi beitir á úthaga, þar með talið gripir í hagagöngu. Einnig skal tilgreina beirtartíma og fjölda búfjár framleiðanda í heimalandi, upprekstrarheimalandi og afrétti.
- e) Upplýsingar um aðra aðila sem nýta beitarland framleiðanda.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Búnaðarsambönd fara yfir umsóknir og senda þær til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Hún heldur skrá yfir umsækjendur og aðila sem fengið hafa staðfest að þeir uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Búnaðarsambönd skulu einnig senda Landgræðslu ríkisins allar upplýsingar úr umsóknum um beitarnýtingu einstakra framleiðenda.

5. gr.

Undirbúningsnámskeið.

Framleiðendur sem sótt hafa um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu sækja undirbúningsnámskeið sem framkvæmdanefnd búvörusamninga skipuleggur.

III. KAFLI

Framleiðsluferill, eftirlit o.fl.

6. gr.

Gæðahandbók.

Framleiðendur sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu skrá í gæðahandbók upplýsingar um framleiðsluaðferðir sínar, aðstæður og önnur atriði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skráning skal hefjast í síðasta lagi 1. janúar 2004 eða fyrsta dag þess árs sem framleiðandi tekur upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Bændasamtök Íslands bera ábyrgð á útgáfu, viðhaldi og dreifingu gæðahandbókar. Í gæðahandbók skulu vera ítarlegar leiðbeiningar um hvaða upplýsingar eigi að skrá og hvernig það skuli gert. Við gerð gæðahandbókarinnar skal við það miðað að hún sé í flestu upplýsandi um aðstæður og aðferðir sem notaðar eru við framleiðsluna og að unnt sé að nota hana við ákvarðanatöku í rekstrinum og markaðssetningu á afurðunum.

7. gr.

Einstaklingsmerkingar og skýrsluhald.

Framleiðanda er skylt að einstaklingsmerkja allan fjárstofn sinn samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur með heimild í 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald og skrá hann í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands. Lokaskil á skýrsluhaldi hvers árs skulu vera eigi síðar en 1. mars árið eftir. Bændasamtök Íslands annast útgáfu, viðhald og dreifingu skýrsluhaldsgagna og leggja fram leiðbeiningar um notkun þeirra. Miðað skal við að unnt sé að rekja uppruna og afdrif allra gripa í hjörðinni á einfaldan og öruggan hátt.

Auk einstaklingsmerkingar skal allt sauðfé eyrnamerkt eiganda sínum samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

8. gr.

Húsakostur og aðbúnaður.

Framleiðanda er skylt að uppfylla almennar kröfur um húsaskjól og umhirðu fjárens í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 60/2000 um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra.

9. gr.

Lyfjanotkun og vanhöld.

Framleiðandi skal skrá í gæðahandbók öll lyfjakaup fyrir sauðfjárþúíð og sömuleiðis hvaða lyf eru notuð, í hve miklu magni og hve oft eða lengi. Þá skal skrá dagsetningar þegar einstakir gripir veikjast eða slasast svo og sjúkdómsgreiningu. Öll vanhöld skulu skráð og þess skal gætt að allar sjúkdóma- og lyfjaskráningar séu rekjanlegar til einstakra gripa í hjörðinni.

10. gr.

Áburðarnotkun.

Framleiðandi skal skrá í gæðahandbók alla áburðarnotkun á búinu, bæði tilbúinn áburð og búfjáraður. M.a. skal tilgreina áburðartíma, áburðartegund og áborið magn, eftir einstökum spildum. Um áburðarnotkun fer að öðru leyti eftir almennum reglum um mengun-

arvarnir og umhverfisvernd. sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

11. gr.

Fóður og fóðrun.

Skrá skal í gæðahandbók alla fóðuröflun og fóðurnotkun á búinu, hvort sem um gróf-fóður eða kjarnfóður er að ræða. Leitast skal við að haga skráningu þannig að auðvelda megi gerð fóðuráætlana eftir fóðrunartímabilum.

Um mat á fóðurmagni, fóðurgæðum og fóðurþörfum fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 743/2002 um búfjárefirlit o.fl.

12. gr.

Eftirlit.

Búfjárefirlitsmenn annast árlegt eftirlit með skráningum í gæðahandbók samkvæmt reglugerð þessari. Uppfylli einstakir framleiðendur ekki þau skilyrði um gæðastýringu sem búfjárefirlitsmenn hafa eftirlit með skal veittur að hámarki fjögurra vikna frestur til úrbóta ef ætla má að þeir geti bætt úr annmörkunum og uppfylli eftir þann tíma skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Frestur til úrbóta skal þó ekki veittur ef um vísitandi ranga skráningu eða upplýsingagjöf er að ræða.

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrir 1. júlí ár hvert hvaða framleiðendur hafa ekki staðist eftirlit með skráningum í gæðahandbók og lög-bundið búfjárefirlit eða hafa ekki skilað fullnægjandi sauðfjárskýrslum.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.

13. gr.

Landnýting.

Framleiðendur skulu hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitilandi fyrir búfé sitt. Land-nýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins.

Landnýtingarþáttur gæðakerfisins tekur til alls lands sem viðkomandi framleiðandi á og/eða nýtir til beitar; heimalands, upprekstrarheimalands og afréttar. Skrá skal í gæðahand-bók ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag beitar.

Landgræðsla ríkisins leggur mat á land framleiðenda sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og staðfestir með tilkynningu til framleiðenda og framkvæmdanefndar búvörusamninga hvort framleiðendur uppfylli skilyrði um beitarnýtingu. Matið skal byggjast á stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfari og framleiðni ásamt fyrirliggjandi gögnum um nýtingu og ástand, t.d. vegna rofs, uppblásturs o.fl., sbr. og 1. við-auka með reglugerð þessari.

Rísi ágreiningur um rétt umsækjanda til nýtingar á landi skal umsækjandi sýna Land-græðslu ríkisins fram á að hann hafi rétt til að nýta landið.

Landgræðsla ríkisins skal senda staðfestingu á að framleiðandi uppfylli skilyrði um beitar-nýtingu til Bændasamtaka Íslands.

Telji Landgræðsla ríkisins að framleiðandi uppfylli ekki skilyrði um beitarnýtingu skal hún greina honum frá ástæðum þess og jafnframt kynna honum þau úrræði sem hann hefur með því að semja tímasetta landbótaáætlun sbr. 14. gr. reglugerðar þessarar. Sama gildir ef Landgræðsla ríkisins telur ástæðu til að afturkalla staðfestingu sem þegar hefur verið gefin út vegna þess að nýting hefur breyst eða ef í ljós kemur að nýting er umfram þol landsins.

14. gr.

Landbótaáætlanir.

Framleiðandi sem ekki uppfyllir skilyrði um beitarnýtingu samkvæmt 13. gr. getur óskað eftir að unnin verði tímasett landbótaáætlun þar sem úrbóta er þörf og getur hún tekið til allt að 10 ára. Landgræðsla ríkisins staðfestir hvort landbótaáætlun stenst viðmiðunarkröfur. Landbótaáætlun er því aðeins gild að hún hljóti staðfestingu Landgræðslu ríkisins.

Ef vinna þarf landbótaáætlun til þess að uppfylla skilyrði um landnýtingu gilda eftirfarandi reglur:

- Framleiðandi skal vinna, eða láta vinna, landbótaáætlun fyrir eigið heimaland.
- Landbótaáætlun fyrir upprekstrarheimaland skal unnin af hlutaðeigandi framleiðanda og landeigendum.
- Landbótaáætlun fyrir afrétti skal unnin í samstarfi viðkomandi bænda, Landgræðslu ríkisins, sveitarstjórnar, fjallskilastjórnar og búnaðarsambands.

Landgræðsla ríkisins hefur eftirlit með að landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun sé fylgt.

Framleiðandi sem ekki uppfyllir skilyrði um landnýtingu og hefur ekki fengið staðfestingu Landgræðslu ríkisins á landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun innan fimm mánaða frá því að Landgræðsla ríkisins gerði skriflegar athugasemdir við landnýtingu til framleiðanda uppfyllir ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Sama gildir ef framleiðandi fylgir ekki áður staðfestri landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun. Landgræðsla ríkisins skal senda skriflega tilkynningu um það til framkvæmdanefndar búvörusamninga og framleiðanda. Berist tilkynning síðar en 15. febrúar leiðir hún þó ekki til þess að álagsgreiðslur vegna gæðastýringar falli niður það almanaksár.

IV. KAFLI

Staðfesting og tilkynningar.

15. gr.

Staðfesting og tilkynningar.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga tilkynnir umsækjanda hvort hann uppfyllir skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu fyrir 31. júlí ár hvert. Skal framkvæmdanefndin byggja tilkynningu sína á staðfestingu Bændasamtaka Íslands um búfjárefartilrit, sauðfjárskýrslum og skráningum í gæðahandbók, sbr. 7.-12. gr. reglugerðar þessarar, svo og á staðfestingu Landgræðslu ríkisins varðandi beitarnýtingu, sbr. 13.-14. gr. reglugerðar þessarar.

Framleiðandi heldur staðfestingu á að framleiðsla hans sé gæðastýrð sauðfjárframleiðsla á milli ára, án umsóknar, svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði um gæðastýrða framleiðslu og óskar ekki sjálfur eftir að staðfestingin verði felld niður.

V. KAFLI

Álagsgreiðslur.

16. gr.

Fjárhæð álagsgreiðslna.

Álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða sauðfjárframleiðslu geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kg dilkakjöts miðað við verðlag 1. mars 2000. Hámarksfjárhæð álagsgreiðslna breytist eftir það í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

17. gr.

Rétthafar álagsgreiðslna.

Framleiðendur sem hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga á að þeir

uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, sbr. 15. gr. fá greiddar álagsgreiðslur úr ríkissjóði á árunum 2004-2007, sbr. 1. gr.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður réttthafi. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Bændasamtök Íslands annast uppgjör álagsgreiðslna til réttthafa.

18. gr.

Gjalddagar álagsgreiðslna.

Álagsgreiðslur greiðast eigi síðar en 25. nóvember og 20. desember ár hvert. 95% af álagsgreiðslum vegna framleiðslu í mánuðunum janúar til október skulu greiðast eigi síðar en 25. nóvember og 95% af álagsgreiðslum vegna framleiðslu í nóvember skulu greiðast eigi síðar en 20. desember. Lokauppgjör skal fara fram eigi síðar en 10. febrúar ár hvert.

19. gr.

Greiðslustaður álagsgreiðslna.

Réttthafar álagsgreiðslna skulu láta Bændasamtökum Íslands í té upplýsingar um sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

20. gr.

Niðurfelling álagsgreiðslna.

Réttur til álagsgreiðslna fellur því aðeins niður að framleiðandi uppfylli ekki lengur skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Skal framkvæmdanefnd búvörusamninga tilkynna framleiðanda eigi síðar en 31. júlí ár hvert ef réttur hans fellur niður það almanaksár. Missi framleiðandi rétt til álagsgreiðslna getur hann fyrst öðlast slíkan rétt á næsta almanaksári, eftir endurnýjun umsóknar.

VI. KAFLI

Kæruheimild.

21. gr.

Kærur til úrskurðarnefndar.

Landbúnaðarráðherra skipar úrskurðarnefnd til tveggja ára í senn til að leysa úr ágreiningsmáli um hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og einn samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Úrskurðarnefnd skal afgreiða mál eins fljótt og unnt er. Hafi nefndin ekki úrskurðað í ágreiningsmáli fyrir 15. október ár hvert heldur framleiðandi rétti til álagsgreiðslna það árið.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

VII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið sem opinber mál.

23. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2007.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Nordmann.

I. VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur um mat á ástandi lands og landnýtingu.

Meginviðmiðun við ákvörðun um nýtingu heimalanda og afrétta er að nýtingin sé sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför. Matsreglur byggjast einkum á mati á stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfari og framleiðni ásamt fyrirbyggjandi gögnum um nýtingu og ástand, t.d. vegna jarðvegsrofs, uppblásturs o.fl. Nýtanlegt beutiland skal vera í viðunandi ástandi með tilliti til framangreindra matsþátta. Miðað skal við að auðnir og rofsvæði verði ekki nýtt til beitar og að gerðar verði tímasettar framkvæmda- og fjárhagsáætlanir um úrbætur eftir því sem við á.

Staðfesting á landnotum miðar við ástand landsins þegar matið fer fram, en stýriþættir, t.d. vísitengundir, þróun gróðurfars og önnur landnýting, eru einnig hafðir til hliðsjónar.

1. tafla. Kvarði fyrir ástand lands. Miðað við jarðvegsrof, gróðurflokka og ástands-flokka.

<i>Einkunn, ástand</i>	<i>Jarðvegsrof</i>	<i>Ástand gróðurs – lýsing</i>
A Ágætt – Gott	Ekkert rof Lítið rof	<u>Ágætt</u> – heil, oftast uppskerumikil þekja <u>Gott</u> – heil gróðurþekja, lítið um rofdíla. Mikið af góðum beitartegundum í sverði.
B Viðunandi	Lítið eða nokkurt rof	Talsvert af góðum beitarplöntum í sverði. Lítið um rofdíla í þekju.
C Rýrt	Nokkurt rof	Lítið um góðar beitartegundir eða lélegar beitartegundir eða beitarfælnar plöntur ráðandi. Eða allmikið um rofdíla.
D Slæmt	Talsvert rof	Ofnýtt land eða mikið um rofdíla í gróðurþekju. Rofsvæði og auðnir.
E Mjög slæmt	Mikið rof Mjög mikið rof	Ekki beitarhæft. Mjög rýrt gróðurfar, lélegar beitarplöntur eða beitarfælnar plöntur ríkjandi, og jafnmikið rof og skv. D eða meira í sverði. Landrýrnun ráðandi ferli. Sandauðnir og mellönd.

Heimaland.

Eftirfarandi reglur gilda um ástand heimalanda:

Land er flokkað í 10 gróðurflokka. Þeir eru ræktað land, kjarr- og skóglendi, graslendi, votlendi, hálfdeigja, ríkt mólendi, rýrt mólendi, mosavaxið land, hálfgróið land og lítt gróið land. Hver þessara flokka fær gróðureinkunn sem þó getur breyst við nánari skoðun á landinu, sbr. 2. töflu. Hlutfall lands með hverja einkunn er síðan reiknað út fyrir hverja framleiðslueiningu. Land sem ekki er nýtt til beitara er undanskilið í útreikningum.

2. tafla. Einkunnir fyrir gróðurflokka.

Gróðurflokkur	Gróðureinkunn				
	A	B	C	D	E
Votlendi	X	-	-	o	o
Hálfdeigja	X	-	-	-	o
Kjarrgróður og skóglendi	X	-	-	-	o
Ræktað land	X	-	-	o	o
Graslendi / blómlendi	-	X	-	-	-
Ríkt mólendi	-	X	-	-	o
Rýrt mólendi	-	-	X	-	-
Mosavaxið land	o	-	X	-	-
Hálfgróið land	o	-	-	X	-
Lítið gróið land, auðnir	o	o	-	-	X

X: gefið gildi fyrir nánari skoðun skv. gögnum um stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfurfar og framleiðni.

- : möguleg einkunn

o: ólíkleg einkunn

Upprekstrarheimaland.

Til að nýting upprekstrarheimalands fái staðfestingu Landgræðslu ríkisins þarf að vera sátt meðal allra eigenda viðkomandi landsvæðis um nýtinguna og er gengið út frá því að svo sé nema skriflegar athugasemdir hafi verið gerðar. Hver sá sem á hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir við nýtinguna og skulu þá eigendur landsins ná samkomulagi um nýtingu þess. Athugasemdum skal komið skriflega á framfæri við Landgræðslu ríkisins, sem tilkynnir framkvæmdanefnd búvörusamninga um stöðu mála.

Staðfesta má nýtingu upprekstrarheimalanda samliggjandi jarða í heild, enda sé nýtingin ágreiningslaus.

Til að nýting heimalands og upprekstrarheimalands fái staðfestingu án frekari skoðunar þarf það að lenda ofan viðmiðunarmarka miðað við fyrirbyggjandi gögn um stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfurfar og framleiðni. Viðmiðunarmörk byggjast annars vegar á ástandi lands m.t.t. ástandseinkunnar og hins vegar beitargnótt, sem er lítið eða hóflegt beitarálag á viðkomandi landi miðað við flatarmál gróðurflokka (3. tafla). Beitarþungi er fundinn út frá bústofnsupplýsingum, m.a. fyrir sauðfé, hross og nautgripi, sem ganga í úthaga. Einnig er stuðst við önnur fyrirbyggjandi gögn um ástand og nýtingu landsins. Sé landið undir viðmiðunarmörkum þarf að skoða það frekar m.t.t. stýriþátta og hugsanlegra landbóta.

3. tafla. Viðmiðunarmörk fyrir beitargnótt, heimalönd neðan 400 m.

	Beitargnótt Ha/beitar ærgildi
Graslendi/blómlendi, hálfdeigja, ræktað land (endurvöxtur)	2,5
Kjarrgróður og skóglendi, ríkt mólendi, votlendi	4,0
Rýrt mólendi	8,0
Mosi, hálfgróið, lítið gróið land	∞

Þar sem beitarpungi á beitilandi framleiðanda er umtalsvert meiri en beitargnótt þarf að skoða land frekar óháð ástandi sem reiknað er af kortum (2. tafla). Þar sem beitarpungi er minni en beitargnótt þarf ekki að skoða land frekar nema þar sem lokaekinn E (mjög slæmt ástand) er >5% af beitilandi eða niðurstöður gróðureftirlits gefa vísbendingu um að skoðunar sé þörf.

4. tafla. Viðmiðunarmörk fyrir ástand heimalanda og upprekstrarheimalanda.

	Lokaekinn E Rof og ástand gróðurs	D+E Rof og ástand gróðurs	Lítið gróið land, auðnir
Staðfest með eða án skoðunar	<5%	<33%	<10%
Frekari skoðun – landbóta þörf eða staðfesting án skilyrða	5-15% hámark 40 ha	33-66% hámark 280 ha	10-20% hámark 80 ha
Landbótaáætlun nauðsynleg	>15%	>66%	>20%

Ávallt verður að skoða land frekar þar sem lokaekinn E er >5%.

Afréttir.

Ástand afrétta er metið með hliðsjón af útbreiðslu og ástandi gróðurs, jarðvegsrofi og hlutfalli auðna. Þar sem ástand beitilands á afrétti telst neðan ásættanlegra viðmiðunarmarka skal liggja fyrir áætlun um landbætur.

Afréttir sem þurfa frekari skoðunar við skulu skoðaðir af Landgræðslu ríkisins og nýtingaraðilum m.t.t. nauðsynlegra úrbóta. Þá skal gætt að stýriþáttum s.s. vísitögundum beitarpantna, hæð yfir sjávarmáli, halla lands, annarri landnýtingu o.fl. sem getur haft áhrif á niðurstöðu. Þar sem þörf er á úrbótum verður að gera landbótaáætlun og vinna eftir henni. Slík áætlun skal unnin í samstarfi Landgræðslu ríkisins, viðkomandi bænda, sveitarstjórnar, fjallskilastjórnar og búnaðarsambands.

5. tafla. Viðmiðunarmörk fyrir ástand beitilands á afréttum.

	Lokaeinkunn E Rof og ástand gróðurs	Lokaeinkunn D+E Rof og ástand gróðurs	Auðnir
Staðfesting með eða án skoðunar	<5%	<50%	<33%
Frekari skoðun – landbóta þörf eða staðfesting án skilyrða	5-15%	50-66%	33-75%
Landbótaáætlun nauðsynleg eða friðun í lok aðlögunartíma (afréttur ekki hæfur til sauðfjárbeitar).	>15%	>66%	>75%

Landbætur geta falist í t.d.:

- fækkun fjár,
- breyttum beirtíma,
- uppgræðslu,
- smölun á viðkvæmum svæðum utan hefðbundins smölunartíma,
- friðun viðkvæmra svæða,
- afmörkun gróins beitilands,
- markvissri förgun fjár sem gengur á óbeitarhæfum svæðum,
- friðun afréttar í lok aðlögunartíma.

Sveitarstjórn og/eða fjallskiladeild getur sett reglur í samræmi við lög nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, til að tryggja staðfestingu landnýtingar á viðkomandi afrétti. Sama mat á afrétti gildir fyrir alla þá sem nýta hann. Heimilt er að beita ákvæðum um ítölu sbr. lög nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum.

Þar sem úrbætur felast í fækkun fjár á afrétti leggur Landgræðsla ríkisins til að stuðst verði við útreiknaða beitargnótt heimalanda til að áætla hlutdeild hvers framleiðanda í fækkuninni. Ef ekki taka allir notendur þátt í fækkunaraðgerðum þarf heildarfjöldi að lokinni fækkun að vera innan 15% fráviks frá útreiknaðri beitargnótt afréttarins.

Nýting afrétta sem einkennast fyrst og fremst af auðnum og/eða rofsvæðum, sbr. 5. töflu, getur fengið tímabundna staðfestingu til 10 ára, ef þar er unnið samkvæmt tímasettri áætlun um friðun afréttar á meðan annarra úrlausna er leitað, svo sem að skapa beit á öðrum stöðum, t.d. með uppgræðslu í heimalöndum.

Þar sem eru samfelld nýtanleg gróðurlendi á lítt grónum eða illa förnum afrétti geta landbætur falist í afmörkun þessara beitarhæfu svæða sé slíkt talið framkvæmanlegt að mati nýtingaraðila og Landgræðslu ríkisins. Fyrir slík svæði er fundin beitargnótt og áætlaður sá fjöldi búfænaðar sem þar gæti gengið í tiltekinn tíma.

REGLUR

um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsóknar- og þjónustustofnun sem heyrir undir háskólaráð. Stofnunin er vettvangur fyrir samstarf Háskólans um ýmis verkefni við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

2. gr.

Hlutverk.

Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla rannsókn- og fræðastarf Háskóla Íslands um land allt með því:

- a. að skapa háskólamönnum aðstöðu þar sem unnið er að rannsóknaverkefnum í tengslum við staðbundnar aðstæður í umhverfi eða atvinnugreinum,
- b. að skapa aðstöðu fyrir vettvangsnám háskólanema,
- c. að auka möguleika til menntunar á landsbyggðinni einkum með því að stuðla að fjarnámi og auknum hlut heimamanna í rannsóknum,
- d. að styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Auk þess vinnur stofnunin að þeim verkefnum sem rektor og háskólaráð fela henni.

3. gr.

Skipulag.

Stofnunin byggist upp á fræða- og háskólasetrum Háskóla Íslands út um landið. Fræða- og háskólasetur eru faglega sjálfstæðar einingar. Um stöðu setranna innan stofnunarinnar gilda eftir því sem við á ákvæði um stofuskipulag háskólastofnana, sbr. 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Stjórn stofnunarinnar, sbr. 5. gr., tekur ákvörðun um uppbyggingu fræða- og háskóla-setra og skipulag þeirra í samráði við rektor. Stjórnin skal kynna fyrir háskólaráði áform um að setja ný setur á laggirnar eða leggja niður starfandi setur áður en ákvörðun er tekin.

Yfir hverju setri er stjórn sem skipuð er a.m.k. þremur mönnum. Stjórn stofnunarinnar, sbr. 5. gr., setur starfsreglur um fræða- og háskólasetur þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag á stjórn þeirra.

Um starfsemi hvers seturs skal að jafnaði gerður samstarfsamningur við þá aðila sem tengjast starfseminni á hverjum stað. Heimilt er í slíkum samningi að kveða á um stofnun fagráðs sem vinni með stjórn setursins og forstöðumanni.

4. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, húsnæði og búnað, svo sem kostur er og eftir því sem um er samið við samstarfsaðila.

Stofnunin veitir starfsliði sínu aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

5. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Formaður stjórnarinnar er skipaður skv. tilnefningu rektors en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningum stjórnna starfandi fræðasetra.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfllega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor og aðilum samstarfssamninga sem gerðir hafa verið um starfsemina á einstökum stöðum.

Sé ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig eftir því sem við á um stjórn hvers seturs, sbr. 3. mgr. 3. gr.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar leiðir samstarf Háskólans við aðila á landsbyggðinni og getur í samráði við stjórnir setra haft frumkvæði að því að skapa verkefni og afla fjár til þeirra. Stjórnin veitir forsvarsmönnum einstakra setra leiðsögn og aðstoð eftir því sem unnt er.

Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart háskólaráði. Stjórnin samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir einstök setur og stofnunina í heild og gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin stendur ásamt rektor að gerð samstarfssamninga um einstök fræðasetur og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra samninga sem gerðir hafa verið.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin skal hafa víðtækt samráð við deildarforseta sem og stjórnir og forstöðumenn annarra háskólastofnana.

8. gr.

Starfslið.

Rektor leggur stjórninni til starfslið sem sér um framkvæmd á þeim málum sem stjórnin felur viðkomandi starfsmönnum að annast.

9. gr.

Forstöðumenn fræða- og háskólasetra.

Hverju setri stýrir forstöðumaður sem annast daglega starfsemi á hverjum stað, hefur umsjón með fjármálum og skipuleggur samstarfsverkefni. Forstöðumaður er ráðinn af stjórn setursins, sbr. 3. mgr. 3. gr. Heimilt er að tengja starf forstöðumanns fræða- og háskólaseturs við starf háskólakennara og koma þannig á virku samstarfi milli setursins og viðkomandi skorar. Kveðið skal á um starfstengslin í ráðningarsamningum hverju sinni en tryggt skal að viðkomandi starfsmaður hafi tilgreinda stjórnunarskyldu í þeirri skor sem um ræðir.

10. gr.

Ársfundur.

Stjórn, sbr. 5. gr., efnir til ársfundar stofnunarinnar. Ársfundur er haldinn á haustmánuðum og er vettvangur umræðu um stefnu og starfsemina.

Ársfundur er öllum opin og skal auglýstur opinberlega bæði innan Háskólans og á almennum vettvangi. Stjórnin býður gestum til þátttöku í fundinum.

Ársskýrsla stofnunarinnar og fjárhagsáætlun næsta árs skulu liggja frammi á fundinum.

11. gr.

Fjármál.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

Tekjur Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs eða rektors,
- b. fé sem stjórn aflar til starfseminnar með samningum við samstarfsaðila,
- c. styrkir til einstakra verkefna eða starfseminnar í heild,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri háskólasetranna og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

12. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. maí 2003 skal skipa stjórn Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessara reglna á grundvelli tilnefninga frá stjórnnum háskólasetursins á Hornafirði, stjórn rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum, stjórn rannsókn- og fræðasetursins í Hveragerði og verkefnisstjórn um rannsóknastöðina í Sandgerði.

Háskóla Íslands, 21. febrúar 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.400 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	14.700
Flokkur 2	kr.	29.400
Flokkur 3	kr.	42.000
Flokkur 4	kr.	87.000
Flokkur 5	kr.	138.000
Flokkur 6	kr.	208.000
Flokkur 7	kr.	271.000
Flokkur 8	kr.	340.000
Flokkur 9	kr.	407.000
Flokkur 10	kr.	481.000

Aðilum er raðað í gjaldflokka eftir magni samkvæmt mælingu framkvæmda- og veituvíðs Árborgar.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á urðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands greiða urðunarkostnað, samkvæmt vigtunarseðlum frá sorpstöðinni, sem innheimtur er af sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. febrúar 2003.

Selfossi, 4. mars 2003.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

Einar Njálsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Örnólfsdal, Borgarbyggð.

Breytingarnar felast í því að lóðirnar verða samtals tuttugu og níu í stað níu áður. Tveir nýir afleggarar bætast við frá því sem áður var.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 4. mars 2003.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að fenginni umsókn, að greiða dánarbætur þeim sem orðið hafa ekkjur eða ekklar, sbr. 2. gr., eiga lögheimili hér á landi og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar að öðru leyti.

2. gr.

Ekkja/ekkill samkvæmt reglugerð þessari er einstaklingur sem verið hefur í hjúskap eða staðfestri samvist og hefur misst maka sinn. Hið sama gildir um einstaklinga sem hafa verið í óvígðri sambúð sem skráð er í þjóðskrá í að minnsta kosti eitt ár við andlát maka. Hafi skráð sambúð varað skemur en eitt ár en sambúðarfólk hefur eignast barn saman eða konan er þunguð, eiga ákvæði reglugerðarinnar einnig við.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir dánarbætur skv. 1. gr. í næsta mánuði eftir fráfall maka.

Heimilt er að hefja greiðslur þrátt fyrir að ekki liggja fyrir skilríki um andlát ef upp hefur verið kveðinn úrskurður um að um bú horfins manns megi fara sem dánarbú, sbr. 1. gr. laga nr. 44/1981 um horfna menn.

II. KAFLI

Sex mánaða dánarbætur skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða hverjum þeim sem verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs dánarbætur í sex mánuði eftir fráfall maka.

III. KAFLI
**Framlengdar dánarbætur skv. 2. mgr. 6. gr.
laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.**

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir dánarbætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar sex mánaða dánarbótum skv. 4. gr. vegna fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna umsækjanda eða ef umsækjandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri.

Tryggingastofnun ríkisins hefur ennfremur heimild til að framlengja greiðslur dánarbóta um allt að 36 mánuði til viðbótar dánarbótum skv. 4. gr. og 1. mgr. ef sérstaklega erfiðar fjárhagslegar og félagslegar aðstæður eru fyrir hendi.

Með fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum er átt við að ekkja eða ekill búi við verulega skerta afkomumöguleika í kjölfar fráfalls maka og hafi takmarkaða getu til tekjuöflunar.

6. gr.

Með umsóknum um dánarbætur skv. 5. gr. skal leggja fram upplýsingar um tekjur og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að hægt sé að taka ákvörðun um greiðslu og endurskoðun dánarbóta. Ákvæði 47. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 14. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, gilda um öflun upplýsinga eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Niðurfelling dánarbóta.

7. gr.

Greiðslur dánarbóta falla niður í lok þess mánaðar sem viðtakandi þeirra gengur í hjúskap eða stofnar til staðfestrar samvistar. Ennfremur falla greiðslur niður ári eftir að viðtakandi þeirra hefur óvígða sambúð.

Greiðslur dánarbóta samkvæmt 5. gr. falla niður við 67 ára aldur viðtakanda þeirra.

V. KAFLI
Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 15. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir um þá sem verða ekkjur eða ekklar eftir gildistöku hennar. Frá sama tíma falla brott óbirtar reglur tryggingaráðs frá 29. desember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. mars 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 388/2002 um bindiskyldu.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinnna stærða:

- a. 1,0% af bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.
- b. 3,0% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Bindiskyld stofnun sem er þátttakandi í greiðslukerfi getur óskað eftir því við Seðlabankann að stofnaður verði sérstakur bindireikningur með tiltekinni innstæðu sem bundin er til eins mánaðar í senn og nota skal við uppgjör ef stofnun vanefnir skuldbindingar sínar í greiðslukerfinu. Innstæða á sérstökum bindireikningi skal frá 1. apríl 2003 ekki vera hærri en helmingur umsáminnar tryggingarfjárhæðar viðkomandi stofnunar. Bankinn setur nánari skilyrði fyrir stofnun og notkun reikningsins sem tilgreind skulu í samningi þar að lútandi. Innstæða á sérstökum bindireikningi telst vera hluti heildarinnstæðu stofnunar vegna bindiskyldu hennar.

3. gr.

Reglur þessar taka gildi 20. mars 2003 og gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í mars 2003.

Reykjavík, 10. mars 2003.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu.

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að mörkum friðlands í Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu verði breytt, skv. 1.tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mörk friðlandsins eru þessi sbr. meðfylgjandi upprátt:

Að vestan fylgja mörkin Kringilsá að hnit 1 og þaðan línu sem hugsast dregin eftir hnitum 1-60. Að austan frá hnit 60 fylgja mörkin Jökulkvísl og Jökulsá á Brú. Að sunnan fylgja mörkin frambrún Brúarjökuls. Eftirfarandi hnit 1-60 eru í hnitakerfi ISN93:

1.	645790,	484614	21.	646586,	478769	41.	648152,	475901
2.	645971,	484928	22.	646386,	478642	42.	647838,	475435
3.	646400,	485241	23.	645733,	477795	43.	647920,	475302
4.	646614,	485417	24.	645197,	477136	44.	647835,	475160
5.	647176,	485565	25.	645054,	476910	45.	647951,	474985
6.	647362,	485669	26.	645117,	476591	46.	647910,	474871
7.	647703,	485591	27.	645981,	476798	47.	648310,	475146
8.	647711,	484662	28.	646291,	476817	48.	648640,	475007
9.	647597,	484198	29.	646803,	477087	49.	648719,	474886
10.	647521,	483435	30.	647159,	476923	50.	648743,	474499
11.	647599,	483040	31.	647194,	476814	51.	649465,	474735
12.	647540,	482280	32.	647529,	477239	52.	649710,	474983
13.	647271,	481842	33.	647378,	477308	53.	649919,	475079
14.	647160,	481295	34.	647757,	477721	54.	649825,	475673
15.	647578,	481138	35.	647800,	477639	55.	649923,	475710
16.	647853,	481202	36.	647966,	477806	56.	649945,	475918
17.	647928,	480978	37.	648210,	477727	57.	649984,	476899
18.	647628,	479890	38.	648302,	477535	58.	649956,	477048
19.	647220,	479196	39.	648377,	476999	59.	650017,	477189
20.	646745,	478790	40.	648283,	476347	60.	650403,	477828

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Þar er hreindýrafriðland og hreindýraveiðar bannaðar.
2. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.
3. Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 44/1999.


Friðlýsing þessi öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 524/1975 um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.



Kringilsárrani - friðland

Hnitkerfi: ISN93
 Unnið: Loftmyndir ehf. í desember 2002.

Kringilsárrani:	Hreinatungur:	Lágtungur:
1. 645790, 484614	27. 645861, 476786	51. 648465, 474735
2. 645971, 484828	28. 646231, 478817	52. 648710, 474883
3. 648400, 485241	29. 646803, 477087	53. 648919, 475079
4. 648614, 485417	30. 647159, 478923	54. 648625, 475673
5. 647178, 485565	31. 647194, 478814	55. 649223, 475710
6. 647382, 485889	32. 647528, 477239	56. 649945, 475918
7. 647703, 485591	33. 647378, 477308	57. 649984, 478899
8. 647711, 484652	34. 647737, 477721	58. 649585, 477048
9. 647597, 484198	35. 647800, 477639	59. 650017, 477189
10. 647521, 483435	36. 647986, 477906	60. 650403, 477828
11. 647899, 483040	37. 648210, 477727	
12. 647540, 482280	38. 648302, 477535	
13. 647271, 481842	39. 648377, 478899	
14. 647180, 481295	40. 648255, 478347	
15. 647578, 481138	41. 648152, 478901	
16. 647853, 481202	42. 647838, 475435	
17. 647928, 480978	43. 647920, 479302	
18. 647628, 478990	44. 647835, 475180	
19. 647220, 479198	45. 647851, 474985	
20. 646745, 478790	46. 647910, 474871	
21. 646986, 478789	47. 648310, 475148	
22. 646936, 478642	48. 648640, 475007	
23. 646783, 477795	49. 648719, 474886	
24. 645197, 477136	50. 648743, 474489	
25. 645054, 476910		
26. 645117, 476591		

Ár og vötn
 Friðlandsmörk

0 1000 2000 3000 4000 5000 m

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | |
|--|-----|---------|
| a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | kr. | 910,00 |
| b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 55,40 |
| c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 101,64 |
| d) Gjald fyrir lokun og enduropnun | kr. | 1819,40 |
- e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælabornts eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útilhitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:
1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C.
 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 910,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

Allt að 300 m ³	123.000 kr.			
300 - 2 000 m ³	123.000 kr.	fyrir	300 m ³	og 113 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	315.139 kr.	fyrir	2 000 m ³	og 90 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	674.163 kr.	fyrir	6 000 m ³	og 73 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	966.698 kr.	fyrir	10 000 m ³	og 64 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrenslismæli er kr. 11.972 umfram einn á sama inntaki.
Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2003, 278,0 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðherra hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samín er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 561, 24. júlí 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorphreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald:

Árlegt gjald kr. 8.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 5.000. Í gjaldinu eru innifaldir 50 þokar.

3. gr.

Sorpförgunargjald frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs er sem hér segir:

Flokkur 1	kr. 4.000	Flokkur 4	kr. 50.000
Flokkur 2	kr. 10.000	Flokkur 5	kr. 100.000
Flokkur 3	kr. 25.000	Flokkur 6	kr. 200.000

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Borgarfirði eystri, 4. febrúar 2003.

Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurkaupstaðar, nr. 867/1999.

1. gr.

1. mgr. 44. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. verður svohljóðandi:

Skipulags- og byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fjallar einnig um umferðarmál sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um atvinnumál í bænum.

b. 15. tölul. verður svohljóðandi:

Fræðslu- og uppeldisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

c. 13. tölul. verður svohljóðandi:

Menningarnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um menningarmál í bænum. Jafnframt bókasafnmál skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.

d. Ákvæði 2., 16. og 17. tölul. falla brott.

3. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri ásamt viðkomandi forstöðumanni ræður aðra starfsmenn deilda og stofnana en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2003.

F. h. r.
Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Drangsness.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr.	43
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr.	22
Lokunargjald	kr.	3.000
Gjald fyrir aukaálestur	kr.	500

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælubotns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús	kr.	120.000
Heimæðagjöld fyrir húsnæði yfir 1200 rúmmetra að stærð	kr.	200.000

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnotenda í atvinnurekstri.

3. gr.

Notendagjöld samkvæmt 2. gr. verða krafín mánaðarlega með gjalddaga 20. dag næsta mánaðar og eindaga 10 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.

4. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli til notanda sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar samkvæmt gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur skal í hvert sinn greiða lokunargjald, sbr. 2. gr. gjaldskrár þessarar. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

5. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum veitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notanda hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlunum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

6. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi, heimæðar og inntök inn fyrir vegg í húsnæði notanda, uppsetningu rennismælis, síu og þrýstimælis. Annar búnaður við tengingu húsnæðis er á kostnað notanda.

7. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirætlunum veitustjóra. Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

8. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

9. gr.

Breytingar á gjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum sveitarstjórnar Kaldananeshrepps og skulu þær staðfestar af iðnaðarráðherra hverju sinni.

10. gr.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 301/2000 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 457, 27. júní 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. B-liður 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi: sá tími sem foreldri fær greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, er á biðtíma eftir slíkum greiðslum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997, með síðari breytingum. Hið sama gildir eigi foreldri rétt á greiðslum úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga nr. 46/1997, með síðari breytingum.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Hlutaðeigandi úthlutunarnefnd metur hvort foreldri hefði átt rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997, með síðari breytingum, hefði foreldri skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr. Um rétt til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði fer samkvæmt skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar. Hið sama gildir eigi foreldri rétt á greiðslum úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga nr. 46/1997, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. mars 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað, kt. 570269-7479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2009.

Umhverfisstofnun, 3. mars 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður.*

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Svarfhóls (Asparskógur) í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt byggingar og skipulagslögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 7. nóvember 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundalóða í landi Svarfhóls um er að ræða fjölgun um sjö lóðir sem afmarkast á skipulagsupprætti dags. 20. nóvember 2003.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulag og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 4. mars 2003.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

REGLUR

um breytingu á reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa, nr. 553/1975, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 101 orðist svo:

101. Reglur þessar gilda um ný íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri. Reglurnar gilda þó ekki um skip sem falla undir reglugerð nr. 26/2000. Staflíður h í gr. 1101 gildir einnig um gömul íslensk fiskiskip 15 metra að lengd og lengri. Jafnframt gilda reglurnar um gömul íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri, sem gangast undir þær breytingar eða endurbyggingar sem munu hafa áhrif á stöðugleika þeirra. Breytingar á skipum, sem smíðuð voru fyrir 5. desember 1975, eru óheimilar nema stöðugleiki þeirra eftir breytingu aukist frá því sem hann var fyrir breytingu. Stöðugleiki þarf þó ekki að vera meiri en skv. 5. gr. reglnanna. Ef breytingin telst meiriháttar, svo sem ef gerð er breyting á bol skips, sem áhrif hefur á hydróstatískar boglínur eða jafnhalla-boglínur, er breytingin óheimil nema stöðugleiki eftir breytinguna uppfylli stöðugleikamörk skv. 5. gr. reglnanna.

2. gr.

Á eftir gr. 506 kemur ný grein, sem verður gr. 507 og orðast svo:

507. Við hleðslutlívik 1101 h), eins og það er skilgreint í 11. gr., skulu fiskiskip sem búin eru asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði), í stað þess að uppfylla stöðugleikacröfur í 501, uppfylla eftirtaldar stöðugleikacröfur:
- Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterráðianar að 30° hallahorni.
 - Byrjunarmetasenterhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m.

Leiðréttá skal byrjunarmetasenterhæðina og réttiarmsboglínuna fyrir áhrifum óhefts yfirborðs í rýminu fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) miðað við hámarkstregðuvægi

yfirborðs vökvans. Rúmmál rýmisins skal reikna að vatnsþéttum þiljum, innri flöt byrðings og neðri flöt þilfars og/eða efri brún lúgukarms, eftir því sem við á.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. 1101, bætist nýr stafliður h, sem orðast svo:

- h) fyrir skip búin asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði), skip með olú- og vatnsgeyma fulla, með áhöfn og allar birgðir, vistir, salt, ís, veiðarfæri o.s.frv., fulla hleðslu afla og rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) fullt af sjó.

4. gr.

Við 15. gr. bætast nýir liðir, sem verða liðir 1530 og 1531, svohljóðandi:

Rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað).

1530. Op að rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skulu búin fasttengdum hlerum, sem unnt er að loka vatnsþétt, af sambærilegum styrkleika og aðliggjandi skipshluti. Slíkir hlerar skulu ávallt vera lokaðir og skálkaðir þegar skipið er á hafi úti. Við þannig op skal komið fyrir hentugum viðvörunarbúnaði, sem gefur viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi þegar hleri er opinn.

1531. Neðst í rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skal setja vökvaborðsviðvörunarbúnað, sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla. Skynjunarkerfið skal gefa viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskiskip skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eigi síðar en við fyrstu aðalskoðun eftir 1. apríl 2003.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. mars 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

3. tölul. 1. reglu í II. kafla í I. viðauka orðast svo:

- (3) Þil, lokunarbúnaður og lokanir opa í þessum þiljum, ásamt aðferðum til að prófa þær, skulu vera í samræmi við kröfur stjórnvalda. Skip smíðuð úr öðru efni en tré skulu vera með stafnþil og vatnsþétt þil að minnsta kosti umhverfis aðalvélarúmið og, ef við á, rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað). Þessi þil skulu ná upp að aðalþilfari. Flatarmál rýma fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skal ekki vera stærra en nauðsynlegt er til að þjónusta búnað-

inn. Í tréskípum skulu einnig vera sams konar þil, og þau skulu vera vatnspétt, eins og við verður komið.

2. gr.

Á eftir 3. tl. 2. reglu í III. kafla í I. viðauka kemur nýr töluliður sem verður 4. töluliður og orðast svo:

(4) Við hleðslutilvik g), eins og það er skilgreint í 1. tölul. 7. reglu skulu skip búin asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði), í stað þess að uppfylla stöðugleikakröfur í 1. tölul. 2. reglu, uppfylla eftirtaldar stöðugleikakröfur:

a) Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterradíana að 30° hallahorni.

b) Byrjunarmálmíðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m.

Leiðrétta skal byrjunarmálmíðjuhæðina og réttiarmsboglínuna fyrir áhrifum óhefts yfirborðs í rýminu fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) miðað við hámarkstregðuvægi yfirborðs vökvans. Rúmmál rýmisins skal reikna að vatnspéttum þiljum, innri flöt byrðings og neðri flöt þilfars og/eða efri brún lúgukarms, eftir því sem við á.

3. gr.

Við 1. tl. 7. reglu í III. kafla í I. viðauka, bætist nýr stafliður g, sem orðist svo:

g) fyrir skip búin asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði): skip með fullfermi af afla og 100% vista, eldsneytis o.s.frv. og rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) fullt af sjó.

4. gr.

Á eftir 18. reglu í II. kafla í I. viðauka bætist ný regla, sem verður 19. regla, svohljóðandi:

19. regla

Rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað).

(1) Op að rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skulu búin fasttengdum hlerum, sem unnt er að loka vatnspétt, af sambærilegum styrkleika og aðliggjandi skipshluti. Slíkir hlerar skulu ávallt vera lokaðir og skálkaðir þegar skipið er á hafi úti. Við þannig op skal komið fyrir hentugum viðvörunarbúnaði, sem gefur viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi þegar hleri er opin.

(2) Neðst í rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skal setja vökvaborðsviðvörunarbúnað, sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla. Skynjunarkerfið skal gefa viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skip skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eigi síðar en við fyrstu aðalskoðun eftir 1. apríl 2003.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. mars 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands, nr. 252/2002.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Útseld vinna.

	kr./klst.
3.1 Sérfræðingur I	6.300
3.2 Sérfræðingur II	5.300
3.3 Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn	4.000

2. gr.

Breyting þessi sem gerð er samkvæmt 4. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. febrúar 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9400-0320, sem er 3,45 ha að stærð úr landi Miðdals. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar. Skipulagið felst í að afmörkuð er lóð fyrir allt að 70 m² frístundahús norðan Selvatns.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. mars 2003.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,90 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða lestagjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 5,80 - 6,00 kr. á mælieiningu.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,90 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða bryggjugjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 2,80 - 3,00 kr. á mælieiningu.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 38,70 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 4.229 á mánuði. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða mánaðargjaldið 2% lægra eða hærra, þ.e. 37,90 - 39,40 kr. á mælieiningu. Bátar minni en 20 brúttótonn greiði þó aldrei lægra en kr. 2.767 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 138,80 pr. tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 267,20 pr. tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 288,50 pr. tonn:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óafengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald kr. 795,30 pr. tonn:

a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.

b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,03%. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða gjaldið 2% lægra eða hærra, þ.e. 1,01% - 1,05%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 77,70.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 6. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og

b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar fráviks frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lúandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 896/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 10,40 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 5,30 á mælieiningu, sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 17. mars 2003.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmalasamtaka, sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 132 21. febrúar 2003, sem hér segir:

T Framboð óháðra í Suðurkjördæmi.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 38. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. mars 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Anna Sigríður Arnardóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
192	4. mars	Auglýsing um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ	543
193	17. mars	Gjaldskrá fyrir hafnir	544-548
194	13. mars	Auglýsing um listabókstafi stjórn málasamtaka	548

